



Erindisbréf vinnuhóps um endurskoðun kosningalaga.

1.

Markmið.

Meginmarkmið endurskoðunarinnar er að undirbúa tillögu að heildarlöggjöf um framkvæmd kosninga, er taki til kosninga til Alþingis, kosninga til sveitarstjórnar, framboðs- og kjörs forseta Íslands og framkvæmdar þjóðaratkvæðagreiðslna.

Framkvæmd kosninga verði samræmdari og skilvirkari, skýrt verði hlutverk þeirra stofnana sem annast hana og dregið úr réttaróvissu.

Endurskoðunin taki hvorki til atriða sem bundin eru í stjórnarskrá né annarra atriða sem ástæða er til að ætla að séu vandmeðfarin í stjórmálalegu tilliti.

2.

Umfang.

Endurskoðunin skal beinast að lögum um kosningar til Alþingis og þeim atriðum sem sameiginleg eru annari löggjöf um kosningar. Vinnuhópurinn yfirfari enn fremur sérákvæði einstakra laga eftir því sem tilefni er til.

Eftirtalin atriði skulu tekin til sérstakrar skoðunar:

- Stjórnsýsla og framkvæmd alþingiskosninga:** Sérstaklega verði skoðað hvort fela megi aðila á landsvísu, eins og landskjörstjórn, aukið yfirstjómarhlutverk gagnvart staðbundnum einingum eins og yfirkjörstjórnnum.
- Kjörskrárgerð:** Skoðaðir verði kostir og gallar núverandi kjörskrárgerðar og upptaka rafrænnar kjörskrár. Meðferð leiðréttингa verði einnig yfirfarin.
- Reglur um framboð:** Hvort lengja þurfi framboðsfrest við alþingiskosningar. Skapa grundvöll fyrir setningu reglna um form framboðslista og meðmælendalistu og gera samkeyrslu upplýsinga um frambjóðendur í mismunandi kjördænum mögulega áður en skorið er úr um hvort listar séu í löglegu horfi. Kanna kosti þess og galla að færa úrskurðarvald um lögmæti framboðslista til landskjörstjórnar.
- Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar:** Taka saman upplýsingar um framkvæmdina og reynsluna hér á landi og í nágrannalöndunum. Sérstaklega skal athuga hvort styttu megi upphafstíma atkvæðagreiðslunnar og tryggja sem best framkvæmd hennar. Rafræn kjörskrárgerð verði sérstaklega skoðuð í þessu samhengi og settar fram tillögur til úrbóta.

Werk	1310219	Reykjavík
Dagur	- 4. sep. 2014	
Maðiliði	0.27	



5. Kjörfundur og framkvæmd talningar: Yfirlíða ákvæði um upphafstíma kjörfundar og grundvöll undirbúnings talningar fyrir luktum dyrum áður en kjörfundi er lokið. Enn fremur að kanna kosti þess að setja skýrari reglur um hvenær atkvæðaseðill teljist ógildur.
6. Kosningakærur og meðferð þeirra: Heildstæð athugun fari fram á meðferð mála út af framkvæmd og gildi kosninga og hún borin saman við fyrirkomulagið í nágrannalöndunum. Hlutverk og staða kjörbréfanefndar verði sérstaklega athugað.
7. Kosningaeftirlit: Aðgangur óháðra alþjóðlegra og innlendra kosningaeftirlitsmanna að öllum stigum við framkvæmd kosninga.
8. Öryggismál: Yfirlíða öryggismál við framkvæmd kosninga; frá gerð kjörseðla og þar til talningu er lokið og úrslit hafa verið birt. Leggja fram tillögur til úrbóta eftir því sem tilefni gefst til.
9. Erlend löggjöf: Draga fram upplýsingar um kosningalög og framkvæmd í öðrum löndum sem nýtast megi við heildarendurskoðun kosningalaga.

3.

Athugasemdir eftirlitsaðila.

Vinnuhópurinn skal í störfum sínum kynna sér sérstaklega ábendingar Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og annarra eftirlitsstofnana, þ. á m. umboðsmanns Alþingis, og gera tillögur um hvernig verði brugðist við athugasendum slíkra aðila.

4.

Samráð.

Vinnuhópurinn hafi á starfstíma sínum sérstakt samráð við Þjóðskrá Íslands og utanríkisráðuneytið. Vinnuhópurinn skal enn fremur hafa samráð við sveitarfélög og sýslumannsembætti eftir því sem hann telur ástæðu til.

Kostnaður.

- a) Tilnefningaraðilar greiði hver kosnað af sinni hálfu.
- b) Kostnaður vegna starfa sérfræðinga verði greiddur af „kosningalið“ innanríkisráðuneytis (06-111), eftir samþykkt ráðuneytisins.

Reykjavík, 16. júní 2014.

Einar K. Guðfinnsson
Forseti Alþingis